



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

**Samningsákvæði í KSÍ samningum
Skráningargjald félagaskipta
Málsmeðferð fyrir samninga- og félagaskiptanefnd.**

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.
Breytingar á ákvæðum vegna nýrrar leyfisreglugerðar KSÍ (útgáfa 4.3.)

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 26. nóvember sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Einnig samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Breytingar er snúa að samningsgerð á milli félaga og leikmana í samræmi við reglugerð FIFA
2. Breytingar á skráningargjaldi vegna félagaskipta leikmanna
3. Málsmeðferð fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ.
 - a. Breytingar til samræmis á starfsreglum samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.
 - b. Nýtt eyðublað vegna ágreiningsmála sem vísað er til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.
4. Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga vegna nýrrar leyfisreglugerðar KSÍ (útgáfu 4.3.)

Eftirfarandi er yfirlit og samantekt yfir breytingarnar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Samþykkt var ný grein 14.10:

14. gr.
Samningsgerð

14.10 Gildi leikmannssamnings skal ekki vera háð fyrirvara um niðurstöðu læknisskoðunar leikmanns og/eða háð útgáfu atvinnu- og dvalarleyfis leikmanns á Íslandi.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 14.16.1.:

14.16 Vanefndir:

14.16.1. Félögum ber að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum og öðrum félögum skv. efni þeirra leikmanna-, sambands- eða félagaskiptasamninga sem það er aðili að. **Samningsákvæði sem heimila félögum aukinn greiðslufrest til að standa skil á greiðslum til samningsleikmanns sem fallið hafa í gjalddaga skv. efni samningsins eru óheimil.**

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 15.3.:

- 15.3. Þegar tilkynning um félagaskipti er fullfrágengin, undirrituð af leikmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í, auk þess sem skráningargjald er greitt, skal gefa út keppnisleyfi sem tekur gildi með nýju félagi næsta dag eftir að öllum ofangreindum formsatriðum hefur verið fullnægt.
- 15.3.1. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 16 ára og eldri **innanlands** skal vera kr. 2.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 16 ára **innanlands** skal vera kr. 1.000,-.
- 15.3.2. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 18 ára og eldri úr erlendu félagi hingað til lands skal vera kr. 5.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 18 ára úr erlendu félagi hingað til lands (FIFA Minor transfer) skal vera kr. 10.000,-.
- 15.3.3. Skráningargjald, skv. gr. 15.3.1., skal falla niður sé um að ræða félagaskipti leikmanns á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á greinum 23.1.:

23. gr.

Hlutverk nefndarinnar

- 23.1. Ef ágreiningsefni kemur upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skal nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Fara skal eftir eftirfarandi meginreglum:
- 23.1.1 Kröfur aðila skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega **á stöðluðu formi KSÍ.**
- 23.1.2. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu.
- 23.1.3. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila.
- 23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili

Samþykkt var ný grein 23.7.:

- 23.7. **Aðili/félag sem vísar ágreiningsefni til úrlausnar hjá samninga- og félagaskiptanefnd skal greiða gjald til KSÍ. Gjaldið skal vera kr. 15.000,- og er óendurkræft.**

Eftirfarandi breytingar voru gerðar til samræmis á starfsreglum samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ:

Starfsreglur samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna.

Samninga- og félagaskiptanefnd skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Einn nefndarmanna og einn varamanna skulu vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr.

Um hæfi nefndarmanna skal fara eftir reglugerð KSÍ um félagaskipti, **samninga og stöðu leikmanna og félaga o.fl.** og skulu nefndarmenn víkja ef ákvarðanataka snertir hagsmuni þeirra eigin félags, aðilum þeim nákomnum eða þeir vanhæfir af öðrum ástæðum.

3.gr.

Hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ og hafa eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ.

Helstu verkefni nefndarinnar eru eftirfarandi:

- a. að halda skrá um leikmann og félagaskipti þeirra,
- b. að halda skrá um samninga leikmanna við aðildarfélög,
- c. að halda skrá um umboðsmenn KSÍ og samninga þeirra við leikmenn,
- ~~d. að reikna út afreksstuðla leikmanna,~~
- e. að afgreiða beiðnir um undanþágur skv. reglugerð um félagaskipti o.fl.,
- f. að úrskurða í ágreiningsmálum, sem nefndinni berast skv. lögum og reglugerðum KSÍ,
- g. að veita aðildarfélögum ráðgjöf um samninga- og félagaskiptamál,
- h. annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum og reglugerðum KSÍ.

4. gr.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni sínum að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni.

II. kafli. MÁLSMEÐFERÐ

5. gr.

Erindi skal berast til samninga- og félagaskiptanefndar eigi síður en einu ári eftir að kostur var á að koma því á framfæri við nefndina. Að öðrum kosti vísar nefndin erindinu frá.

6. gr.

Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og í því skal greint frá nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem sendir erindið. Einnig skal koma fram málsatvik þau, sem eru tilefni erindisins og hvaða kröfur séu gerðar og á hvaða málsástæðum þær kröfur byggja. Erindi skulu fylgja sönnunargögn þau, sem á er byggt.

Erindið skal undirritað af aðila máls eða umboðsmanni hans og skulu öll gögn berast **skrifstofu KSÍ nefndinni í 4 eintökum**.

7. gr.

Ef nefndarmenn eru einhuga um að ljúka beri máli þegar í upphafi, þar sem augljóst sé að vísa beri því frá og að það sé augljóslega ekki á rökum reist, vísar hún máli frá. Tilkynna skal málsaðilum þegar um slíka niðurstöðu. Að öðrum kosti skal leggja erindið fyrir gagnaðila og óska eftir skriflegri greinargerð sem fullnægja skal sömu skilyrðum og getið er í 6. gr.

Eftir framlagningu greinargerðar gagnaðila getur nefndin krafist aðila um frekari gögn eða aflað þeirra. Nefndin getur kallað aðila fyrir sig til skýrslugjafar eða munnlegs málflutnings. Skýrslur aðila skal bóka í aðalatriðum. Málsaðilar skula að jafnaði kynnt gögn máls eftir því sem þau berast, nema slíkt sé bersýnilega óþarft eða réttmætar ástæður mæla gegn því að mati nefndarinnar.

Frestur til að skila skriflegum greinargerðum eða athugasemdum skal að jafnaði vera 7 dagar, en heimilt er nefndinni að framlengja slíkan frest.

Sinni málshefjandi ekki tilmælum nefndarinnar um framlagninu gagna er henni heimilt að vísa máli frá. Ef gagnaðili sinnir ekki tilmælum nefndarinnar um skriflega greinargerð eða framlagninu annarra gagna getur nefndin byggt úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum upplýsingum, sem hún sjálf aflar um málið.

Nefndin er ávallt heimilt við meðferð máls að leita sátta með aðilum.

Málflutningur fyrir nefndinni skal að jafnaði vera skriflegur.

Málsmeðferð fyrir nefndinni fer að öðru leyti eftir reglugerð KSÍ um félagaskipti, **samninga og stöðu leikmanna og félaga. o.fl.**

8. gr.

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og skulu þeir vera skriflegir og rökstuddir. Nefndin tekur afstöðu til sönnunargildis framkominna gagna en ef í máli eru atriði, sem örðugt er að leysa úr undir rekstri þess eða mál ekki nægilega upplýst, getur nefndin vísað máli frá. Ef í máli er ágreiningur sem fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar skv. lögum og reglugerðum KSÍ vísar nefndin málinu frá. Úrskurðir skulu undirritaður af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

Þess skal getið hvort allir nefndarmenn eru sammála niðurstöðu. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal getið um það hvaða atriði nefndarmenn eru ósammála um.

9. gr.

Í úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar skal eftirfarandi koma fram:

- hverjir séu aðilar máls,
- kröfugerð og málavaxtalýsing,
- helstu málsástæður og röksemdir málsaðila,
- rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar,
- sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

10. gr.

Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp. Nefndin lætur **árlega** birta **samantekt** úrskurða ~~á~~ **sinna** á heimasíðu KSÍ.

III. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI

11. gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir og ávallt þegar mál berast henni til úrskurðar. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur gerðarbók, sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ.

12. gr.

Í gerðarbók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðarbók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta.

13. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda ákvæði laga og reglugerða KSÍ.

14. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í grein 23.5 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, **samninga og stöðu leikmanna og félaga** ~~efl~~.

15. gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum. Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar KSÍ.

Greinargerð/Samantekt:

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar er varða samningsgerð á milli félags og leikmanns. (14.10 og 14.16.1.). Tillögur þessar eru tilkomnar vegna ákvæða í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA regulations on the status and transfer of players). Tiltekin ákvæði þeirrar reglugerðar eru bindandi og verða að vera í reglugerðum aðildarsambanda FIFA, þ.á.m. KSÍ. Tillagðar breytingar miða að því að greinar 18.4. og 18.6. í [reglugerð FIFA](#) séu innleiddar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Í öðru lagi er um að ræða breytingar sem gerðar hafa verið á skráningargjöldum vegna afgreiðslu félagaskipta. Skráningargjald félagaskipta hefur haldist óbreytt svo árum skiptir. Raunin hefur þó orðið sú að umfang afgreiðslu félagaskipti leikmanna erlendis frá hefur aukist til muna og sérstaklega félagaskipti leikmanna yngri 18 ára (FIFA transfer of minors). Rétt þykir að skráningargjald slíkra félagaskipti nemi hærra gjaldi en skráningargjald vegna innlendra félagaskipta.

Í þriðja lagi hafa breytingar þessar í för með sér að ágreiningsmál fyrir samninga- og félagaskiptanefnd skulu nú vera lögð fram á stöðluðu formi KSÍ. Borið hefur á því að ágreiningsmál sem berast nefndinni séu ekki skýr, ekki sé skýrlega greint á milli krafna sem gerðar eru og málavextir stundum vanreifaðir. Til hægðarauka fyrir bæði málsaðila og samninga- og félagaskiptanefnd er lagt til að ágreiningsmál skuli vera lögð fram á stöðluðu formi sem útbúið er af KSÍ. Nýtt eyðublað fylgir með dreifibréfi þessu og verður aðgengilegt á vef KSÍ.

Í fjórða lagi gera breytingar þessar það að verkum að gjald skuli vera greitt til KSÍ vegna ágreiningsmála sem vísað er til nefndarinnar. Í dag berast nefndinni reglulega mál sem kunna að vera vanreifuð, hafi litla þýðingu en engu að síður flókin. Mikill tími og vinna skrifstofu og nefndarmeðlima liggur að baki hverjum úrskurði nefndarinnar og því réttmætt að lágmarksgjald skuli greitt vegna málsmeðferðar. Samhljóma breytingar voru gerðar á starfsreglum samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ ásamt því að fáein ákvæði voru felld úr reglugerðinni eða færð í nútímalegra horf.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á grein 29.:

29.gr.

Meistaraflokkur kvenna

29.1.8. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 2. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efsta deild eða 1. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flyst upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið tilbaka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ skal þó farið eftir grein 29.1.9.

29.1.9. Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

a. Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu.

b. Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.

Samþykkt var ný grein 29.4:

29.4 Samningsskylda

29.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum á tímabilinu 1. maí til 15. október í meistaraflokki með félagi sem á sæti í efstu deild kvenna skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.

29.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 29.4.1 skal félaginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 5.3:

Grein 5 – Vallarleyfi og undanþágur

- 5.3 Keppnisvelliir í flokkum A, B og C, þar sem leikir í **efstu deild karla, efstu deild kvenna Pepsi-deild** og 1. deild karla fara fram, falla einnig undir ákvæði leyfiskerfis KSÍ (sjá grein 43).

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 14.3:

- 14.3 Taka þarf tillit til þess að **starfsmenn leiks (dómarar og aðstoðardómarar)** geta verið af blönduðu kyni eða leikir leiknir af leikmönnum af blönduðu kyni. **leikir geta verið dæmdir af kvendómurum og/eða kvenaðstoðar-dómurum eða verið milli kynblandaðra liða.** Vel útbúinn leikvangur þarf að taka tillit til þess t.d. vegna búningaðstöðu. **sér báðum kynjum fyrir sambærilegri búningaðstöðu.**

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 21.3.:

- 21.3 Flokkur C: Krafist er 300 aðskilinna sæta. Þessi forsenda nær yfir félög sem leika í **efstu deild kvenna og 1. deild karla.**

KSÍ er heimilt að veita félagi, sem kemur upp í **efstu deild kvenna eða 1. deild karla** í fyrsta skipti (~~eftir 2006~~), eins árs aðlögunartíma ef samþykktur leikvangur finnst ekki innan hæfilegrar fjarlægðar frá aðsetri félags.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 43.:


Grein 43 – Leyfiskerfi KSÍ

- 43.1 Leikvangar í flokkum A, B og C, þar sem leikir í **efstu deild karla, efstu deild kvenna Pepsi-deild** og 1. deild karla fara fram, falla undir ákvæði leyfiskerfis KSÍ. Með setningu þessarar reglugerðar færast skilgreiningin á kröfum leyfiskerfisins varðandi knattspyrnumannvirki frá leyfishandbók KSÍ í reglugerðina. Grunnreglurnar eru eftirfarandi, skal hafna að veita þáttökuleyfi nema að þær séu uppfylltar:
- Til að fá þáttökuleyfi í **Pepsi-efstu deild karla** þarf leikvangurinn, sem leika skal á, að uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til keppni samkvæmt B flokki leikvanga.
 - Til að fá þáttökuleyfi í **efstu deild kvenna og 1. deild karla** þarf leikvangurinn að uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til keppni samkvæmt C flokki leikvanga.
 - Forsendur skilgreindar í greinum 43.2 og 43.3 leiða þó ekki til höfnunar þáttökuleyfis.
- 43.2 Eftirfarandi forsendur fyrir leikvanga í flokki B, sem notaðir eru í **Pepsi-efstu deild karla**, eru skilgreindar sem B forsendur gagnvart leyfiskerfi KSÍ. Ef þær eru ekki uppfylltar leiðir það ekki til höfnunar þáttökuleyfis heldur viðurlaga, samkvæmt viðeigandi grein í leyfishandbók KSÍ: Greinar 16, 17, 19, 22, 25, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 34, 35, 36, 39, 41 og 42.
- 43.3 Eftirfarandi forsendur fyrir leikvanga í flokki C, sem notaðir eru í **efstu deild kvenna og 1. deild karla**, eru skilgreindar sem B forsendur gagnvart leyfiskerfi KSÍ. Ef þær eru ekki uppfylltar leiðir það ekki til höfnunar þáttökuleyfis heldur viðurlaga, samkvæmt viðeigandi grein í leyfishandbók KSÍ: Greinar 16, 22, 25, 27, 28, 30, 39 og 42.
-

Greinargerð/Samantekt:

Breytingar þessar taka mið af breytingum sem samþykktar hafa verið á leyfisreglugerð KSÍ (útgáfu 4.3.) og varða m.a. leyfiskerfi kvenna í efstu deild. Varðandi reglugerð um knattspyrnumót þá er samhljóma ákvæði að finna í kafla um meistaraflokk karla, greinum 23.1.11 og 23.1.12. Sömuleiðis í reglugerð um knattspyrnuleikvanga, þá er forsendum er varða leikvanga í efstu deild kvenna bætt við þar sem fjallað er vallarflokk C.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.